

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness 13. október 2006 í máli nr. Y-2/2006:

Stjórnumblikk ehf

(Vala Valtýsdóttir hdl.)

gegn

Sýslumanninum í Kópavogi

(Brynjar Kvaran ftr.)

Ár 2006, föstudaginn 13. október, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði af Sveini Sigurkarlssyni, héraðsdómara og úrskurður kveðinn upp í aðfararmáli nr. Y-2/2006: Stjórnumblikk gegn sýslumanninum í Kópavogi.

Krafa um ógildingu eða breytingu aðfarargerðar barst héraðsdómi 20. janúar 2006. Munnlegur málflutningur fór fram 7. september sl. og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

Sóknaraðili er Stjórnumblikk ehf., Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Varnaraðili er sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18, Kópavogi.

I.

Sóknaraðili krefst þess að fjárnámssgerð sýslumannsins í Kópavogi, nr. 037-2005-04697, sem fram fór hjá honum þann 28. nóvember 2005 og að kröfu sýslumannsins í Kópavogi verði aðallega felld úr gildi, til vara henni að verði breytt þannig að hún nái einungis til fjárhæðar sem nemi 48.533 krónum, auk aðfarargjalds, en til þrautavara að fjárnámssgerðinni verði breytt þannig að hún nái aðeins til fjárhæðar sem nemi 62.600 krónum, auk aðfarargjalds.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað.

Varnaraðili krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að staðfest verði aðfarargerð sýslumannsins í Kópavogi nr. 037-2005-4697. Þá er þess krafist að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá að sóknaraðili tók á leigu starfsmenn frá portúgölsku starfsmannaleigunni Momnor.

Mál þetta varðar fjárnámsgerð sem fram fór þann 28. nóvember 2005 fyrir kröfu að fjárhæð 3.080.973 krónur vegna tryggingargjalds vegna hinna útleigðu starfsmanna sem byggði á úrskurði skattstjórans í Reykjanesumdæmi þann 24. febrúar 2004 um endurákvörðun skilaskyldrar staðgreiðslu og endurákvörðun tryggingagjalds árin 2000 og 2001. Í endurriti úr gerðarbók sýslumannsins í Kópavogi kemur fram að f.h. gerðarþola hafi kröfunni verið mótmælt efnislega á þeim grundvelli að gerðarþoli væri ekki vinnuveitandi þeirra starfsmanna sem gjaldið var innheimt vegna og í öðru lagi að lagagrundvöll skorti fyrir innheimtu fulls tryggingagjalds vegna hinna erlendu starfsmanna með vísan til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 95/2005 og dóms Hæstaréttar nr. 477/2002. Þar sem fyrir lá að gerðarþoli hafði afturkallað kæru til yfirskattanefndar vegna álagningarinnar hafi fulltrúi sýslumanns úrskurðað að gerðinni skyldi fram haldið.

III.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því að hann sé ekki vinnuveitandi þeirra einstaklinga sem skattstjóri telji að honum beri að greiða tryggingagjald vegna. Hann sé því ekki skyldugur til greiðslu umrædds tryggingagjalds. Samkvæmt lögum nr. 113/1990 séu þeir einir gjaldskyldir vegna tryggingagjalds sem teljist launagreiðendur og inni af hendi eða reikni út greiðslur sem teljist laun, sbr. 1. gr. og 4. gr. laganna. Sóknaraðili kaupi þjónustu af erlendu félagi sem útvegi honum þjónustu í formi vinnuafls til verka eftir því sem um sé samið hverju sinni. Hafi sóknaraðili því ekki gert nokkurs konar vinnusamning við þá starfsmenn sem verið sé að reikna tryggingagjald vegna né heldur reikni hann eða inni laun þeirra af hendi. Telur sóknaraðili því að ekki sé unnt að líta á hann sem vinnuveitanda viðkomandi einstaklinga í skilningi laga og að hann sé eigi tryggingagjaldsskyldur. Þar sem ekki sé fyrir hendi vinnuréttarsamband eða samningur milli hans og viðkomandi starfsmanna sé honum ómögulegt að veita skattstjóra upplýsingar um laun starfsmanna. Telur sóknaraðili að ekki sé fyrir hendi lagagrundvöllur fyrir áætlun skattstjóra á launum viðkomandi manna sem starfsmanna sóknaraðila.

Varakröfu sína byggir sóknaraðili á því að þó að hann verði talinn vinnuveitandi þeirra einstaklinga sem skattstjóri telji að honum beri að greiða tryggingagjald vegna þá beri honum aðeins að greiða tryggingagjald og markaðsgjald sem nemi 0.138% þar sem samkvæmt ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-sammingsins), sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið sé óheimilt að krefja sóknaraðila um tryggingagjald af launum erlendra starfsmanna sem hingað komi til tímabundinna starfa frá öðrum ríkjum á EES svæðinu að því leyti sem gjaldinu sé ráðstafað til félagslegra trygginga.

Á grundvelli ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra 2. ágúst 2005 byggir sóknaraðili á því að álagningarprósenta tryggingargjalds útsendra starfsmanna sé 0.178% þar sem gjald í ábyrgðarsjóð launa sé innifalið í tryggingargjaldsprósentu. Með vísan til Hæstaréttardóms nr. 77/2004 telur sóknaraðili ljóst að útsendir starfsmenn séu ekki tryggðir af ábyrgðarsjóði launa og beri því ekki að leggja þann hluta tryggingargjaldsins á laun þeirra sem nemi gjaldi í ábyrgðarsjóð launa, þ.e. 0.040%. Töluleg niðurstaða varakröfu sé reiknuð út frá aukinni álagningu skattstjórans í Reykjanesumdæmi fyrir gjaldárið 2002 þannig: $1.839.331/0.0523*0.00138=48.533$ krónur.

Þrautavarakrafa sóknaraðila byggir á ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra 2. ágúst 2005 þar sem ríkisskattstjóri komist að þeirri niðurstöðu með vísan til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 95/2005 að tryggingargjald launþega með E-101 vottorð skuli nema 0.178%. Töluleg niðurstaða þrautavarakröfu sé því reiknuð út frá aukinni álagningu skattstjórans í Reykjanesumdæmi fyrir gjaldárið 2002 þannig: $1.839.331/0.0523*0.00178=62.600$ krónur.

Sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á almennum reglum samningaréttar, jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 en einnig á lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 28. og 29. gr. þeirra og IV. viðauka við þau sem innihaldi reglugerðir ráðsins nr. 1408/EBE og 574/72/EBE. Einnig er byggt á 36. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið.

IV.

Hvað varðar aðalkröfu sóknaraðila mótmælir varnaraðili á því að sóknaraðili sé ekki vinnuveitandi og launagreiðandi umræddra starfsmanna. Úrskurður skattstjóra og innheimta varnaraðila samkvæmt honum byggir á því að sóknaraðili sé launagreiðandi hinna erlendu starfsmanna og að hann sé því gjaldskyldur samkvæmt umræddum lögum. Telur varnaraðili sóknaraðila vera hinn raunverulega launagreiðanda umræddra starfsmanna og að það leiði til þess að sóknaraðila sé skylt að greiða tryggingagjald vegna þeirra.

Hvað varðar þá málsástæðu sóknaraðila að fyrirtækið Momnor í Portúgal teljist launagreiðandi byggir varnaraðili á því að það geti ekki ráðið úrslitum úr hvaða hendi greiðslurnar komi til starfsmanna. Momnor útvegi starfsmenn en mörg atriði komi hins vegar til skoðunar um vinnuréttarsamband milli sóknaraðila og starfsmannanna. Um þetta vísar varnaraðili til þess að greiðslur til starfsmanna séu upprunnar hjá sóknaraðila og komi frá honum til starfsmannanna þó svo að greiðslurnar hafi viðkomu á reikningi Momnor. Margt fleira komi til sem ráðist af sambandi starfsmanna við hið portúgalska fyrirtæki annars vegar og sóknaraðila hins vegar. Einu tengsl starfsmannanna við hið portúgalska fyrirtæki séu þau að það hafi upphaflega verið hið portúgalska fyrirtæki sem hafi komið að því að starfsmennirnir yrðu ráðnir til vinnu á Íslandi til sóknaraðila og að launagreiðslurnar færu í gegnum það en launin komi úr sjóðum sóknaraðila. Með þeirri greiðslu sem sóknaraðili greiði til Momnor greiði sóknaraðili launin í raun og veru en greiðslan endurspeglar vinnuframlag starfsmannanna þann mánuðinn. Sóknaraðili sendi Momnor upplýsingar um vinnuframlag hvers og eins. Momnor sendi sóknaraðila reikning byggðan á þeim upplýsingum sem sóknaraðili síðan greiði. Sé Momnor því nánast eins og umboðsmaður starfsmanna sóknaraðila.

Fjöldmörg atriði í sambandi starfsmanna við sóknaraðila renni stoðum undir þá skoðun að varnaraðili sé launagreiðandi starfsmannanna og vinnuveitandi þeirra. Sóknaraðili leggi til efni og verkfæri til þeirra verkefna sem starfsmennirnir sinni en ekki Momnor. Að auki séu ákveðnir verkþættir oft unnir á starfsstöð sóknaraðila þannig að sóknaraðili leggi til starfsaðstöðuna. Sóknaraðili taki ákvörðun um hvaða verk starfsmaður vinni og hvenær og hvernig. Momnor hafi ekki boðvald yfir starfsmönnum um framkvæmd starfa þeirra. Í fæstum tilfellum séu starfsmenn sendir frá Momnor til ákveðinna verka hjá sóknaraðila heldur sé það alfarið í höndum sóknaraðila að ákveða hvaða verkum þeir sinni. Um þetta hafi Momnor ekkert ákvörðunarvald. Þau verk sem starfsmennirnir vinni við séu samkvæmt verktöku og samningi sóknaraðila við þriðja aðila. Milli þessara aðila og Momnor sé ekkert samband og jafnvel ekki vitneskja um hvorn annan. Gagnvart öllum þeim aðilum komi starfsmennirnir fram sem starfsmenn sóknaraðila. Valdi þeir t.a.m. bótaskyldu tjóni í starfi sínu falli húsbóndaábyrgð á sóknaraðila en ekki Momnor. Laun starfsmanna séu reiknuð út frá tímaskráningu og viðveruskráningu sem sóknaraðili haldi utan um en Momnor komi þar hvergi að, enda ekki í slíku sambandi við starfsmennina. Momnor hafi enga forsendu eða aðstöðu til að fylgjast með vinnuframlagi eða vinnutíma starfsmanna en verði því alfarið að reiða sig á upplýsingar frá sóknaraðila. Momnor geti ekki greitt starfsmönnum án þess að til komi greiðslur frá sóknaraðila, ásamt upplýsingum um vinnuframlag hvers og eins. Laun starfsmanna virðist ekki vera tengd eða miðuð við framgang verka, heldur við vinnuframlag þeirra. Það bendi til vinnusambands en ekki verktöku. Starfsmennirnir vinni ekki hjá Momnor enda ekki kunnugt um að Momnor reki starfsemi eða taki að sér verk þar sem starfsmennirnir og vinnuframlag þeirra myndi nýtast, enda sé Momnor starfsmannaleiga en ekki verktaki á sviði verklegra framkvæmda. Þau verkefni sem starfsmennirnir vinni falli að starfsemi sóknaraðila en ekki að starfsemi Momnor. Sóknaraðili greiði ferðakostnað fyrir starfsmenn þegar þeir fari í orlof. Það bendi frekar til þess að þeir séu starfsmenn sóknaraðila en hitt. Telur varnaraðili að starfsmennirnir séu starfsmenn sóknaraðila en ekki hins portúgalska fyrirtækis.

Þegar sóknaraðili hafi gert samninga við þriðja aðila um ákveðin verk hafi komið fram í samningnum að allir starfsmenn sem sóknaraðili noti til að standa við sinn hluta samningsins, þ.m.t. hinir umræddu portúgölsku starfsmenn, séu starfsmenn sóknaraðila.

Sóknaraðili og Momnor geti ekki með samningum sínum á milli breytt vinnuréttarlegri stöðu þeirra starfsmanna sem um ræði. Sóknaraðili geti ekki með samningum við hið portúgalska fyrirtæki samið sig undan þeim skyldum sem hann beri hérlendis samkvæmt íslenskum lögum. Starfsmennirnir séu skattskyldir hér á landi eins og fram komi í hinum umdeilda úrskurði skattstjóra en samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um tryggingargjald nr. 113/1990 skuli innheimta tryggingagjald skv. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, en skattskyldan byggji á 1. og 3. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 90/2003. Varnaraðili vísar þessu til stuðnings til framangreinds úrskurðar skattstjóra.

Varakröfu sóknaraðila telur varnaraðila ekki rétt fram setta og eigi vísað til nokkurs ákvæðis henni til stuðnings. Krafa sé sett fram án þess að neins njóti við um stöðu þeirra starfsmanna sem að baki séu, en sú staða skipti verulegu máli við úrlausn málsins. Sóknaraðili hafi ekki lagt neitt fram sem renni stoðum undir það að reikna

beri gjaldið út á þennan hátt. Ekkert liggi fyrir um að þeir starfsmenn sem málið snúist um njóti félagslegrar tryggingar í Portúgal eða öðrum löndum, en það sé forsenda þess að reikna megi gjaldið eins og sóknaraðili geri í varakröfu sinni, sbr. úrskurð Yfirséðanefndar í málinu nr. 95/2005. Sóknaraðili hafi ekki heldur lagt fram neitt um þetta við meðferð málsins hjá skattstjóra en hin umdeilda aðfarargerð sé byggð á úrskurði hans. Hafi skattstjóri ekki haft við annað að miða en almenna prósentutölu, enda hafi sóknaraðili aldrei vísað á þeim tíma til annarrar prósentutölu. Sóknaraðili hafi ekki gert neina grein fyrir því, hvorki við meðferð málsins hjá skattstjóra né nú, að högum og aðstöðu umræddra starfsmanna sé þannig háttáð að þeir njóti félagslegra trygginga annars staðar eða hvar. Nöfn þeirra, ríkisföng, búseta og félagsleg réttindi liggi því ekki fyrir. Ekki hafi verið lagt fram eða gerð grein fyrir svokölluðu E-101 vottorði eða hvort og þá hversu margir umræddra starfsmanna séu með það. Engin gögn liggi fyrir um það til hve langs tíma starfsmennirnir hafi verið ráðnir.

Varnaraðili telur Hæstaréttardóm í málinu nr. 77/2004 ekki sambærilegan máli aðila, m.a. að því leyti að þar hafi notið við gagna um stöðu starfsmanna sem sóknaraðili hafi ekki lagt fram hér, en engra gagna njóti við um samningssamband starfsmanna við Momnor, hvort það sé fyrir hendi og hvernig. Byggir varnaraðili á því að í tilvitnuðum dómi skipti framlagning ráðningarsamninga starfsmanna við starfsmannaleiguna máli.

Þrautavarakrafa sóknaraðila sé sama marki brennd og varakrafa hans að mati varnaraðila. Byggi hún á sömu sjónarmiðum að því þó frátöldu að þar sé gjaldið 0.04% hærra en í varakröfunni sem sóknaraðili kveði vera þann mun sem lúti að ábyrgðarsjóði launa. Telur varnaraðili bæði varakröfu og þrautavarakröfu sóknaraðila þeim annmörkum háða að vera fram settar á ófullkomin hátt og að ekki hafi verið sýnt fram á að reiknireglur þeirra eigi við í máli hans. Þá hafi ekki verið gerð grein fyrir aðstöðum starfsmanna sem leiða eigi til þess að umræddri reiknireglu verði beitt.

Krefst varnaraðili því sýknu af varakröfu og þrautavarakröfu sóknaraðila og telur jafnframt að þær séu það vanreifaðar að vísa mætti þeim frá dómi.

Kröfu um málskostnað byggir varnaraðili á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V.

Málsmeðferð kröfu sóknaraðila fer eftir 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför en samkvæmt 92. gr. laganna getur aðili sem hefur hagsmuni af aðfarargerð krafist úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð. Sóknaraðili krefst þess aðallega að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Kröfu um ógildingu aðfarargerðar má byggja á atriðum sem varða gerðina frá upphafi til enda og efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda.

Samkvæmt lögum um tryggingagjald skulu launagreiðendur inna af hendi sérstakt tryggingagjald af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögnum. Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögnum eru þeir aðilar sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast laun í skilningi III. kafla laganna, þ.e. allar tegundir launa eða

Þóknana fyrir störf, hverju nafni sem nefnast sem skattskyld eru samkvæmt 1. tl. A liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Í 1. tl. A. liðar 7. gr. tekjuskattslaga segir að skattskyldar tekjur sé endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt sé af hendi fyrir annan aðila. Þá segir að hvorki skipti máli hver taki við greiðslunum né í hvaða gjaldmiðli goldið sé. Samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, en tryggingagjald telst til staðgreiðslu, telst launamaður sá maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda.

Umræddir starfsmenn sóknaraðila falla undir 1. tl. 3. gr. skattalaga nr. 90/2003 en samkvæmt ákvæðinu skulu allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér greiða tekjuskatt af þeim launum. Undir ákvæðið falla þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.

Samband sóknaraðila við umrædda starfsmenn felur í sér alla eðlisþætti sambands vinnuveitanda og starfsmanna, bæði gagnvart hinum útleigðu starfsmönnum sjálfum sem og út á við þar sem sóknaraðili kemur fram fyrir hönd þeirra sem verksali. Fallast verður á með varnaraðila að sóknaraðili verði í máli þessu talinn vinnuveitandi umræddra starfsmanna og launagreiðandi í skilningi íslenskra laga. Í úrskurði skattstjóra frá 24. febrúar 2004 segir varðandi skyldu sóknaraðila til að halda tryggingagjaldi eftir af launum hinna umræddu starfsmanna í niðurstöðukafla að sóknaraðili beri allar skyldur sem launagreiðandi samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald enda væri sóknaraðili hinn raunverulegi launagreiðandi og staðgreiðsluskyldur í skattalegu tilliti. Verður ekki talið að ástæða sé til að hnekkja þessu mati skattstjóra. Var þessi niðurstaða m.a. byggð á lögum nr. 145/1995 um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981 sem nú hafa verið endurútgefin sem lög nr. 90/2003 og athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 145/1995. Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. að þegar um útleigu á vinnuafli sé að ræða beri launagreiðandi, eða hinn innlendi rekstraraðili, ábyrgð á staðgreiðslu af launum hinna útsendu starfsmanna eins og annarra launamanna sem hér starfi tímabundið.

Verður af framanröktu og með vísan til ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra þann 27. ágúst 2003 ekki annað séð en að þeir starfsmenn sem umrætt tryggingagjald er reiknað vegna verði í skilningi íslenskra lagaákvæða þeirra sem að framan eru rakin að teljast launamenn sóknaraðila þannig að honum hafi borið að halda eftir af launum þessara starfsmanna tryggingagjaldi. Verður því að fallast á það með varnaraðila að hina kærðu fjárnámsgerð beri að staðfesta.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra þann 2. ágúst 2005 segir að launagreiðendur verði ekki að lögum krafðir um tryggingagjald af launagreiðslum til erlendra starfsmanna sem falli undir 14. gr. reglugerðar nr. 1408/71/EBE en þar sé um að ræða borgara í einhverju EES ríkjanna sem ráðnir séu til eins árs eða skemmri tíma til starfa hér á landi og framvísi vottorði E-101 til sönnunar því að þeir eigi aðild að almannatryggingum í heimalandi sínu þrátt fyrir starf sitt hérlendis. Skuli því ekki leggja fullt tryggingagjald á launagreiðendur vegna launa starfsmanna hafi launagreiðandinn staðfest með framvísun E-101 vottorðsins, útgefnu af þar til bærum yfirvöldum í heimalandi starfsmannsins og aðildarríkis EES samningsins

um að launþeginn falli undir tryggingalöggjöf þess lands, þrátt fyrir tímabundið starf á Íslandi. Fyrir liggja ljósrít E-101 vottorða útsendra starfsmanna þeirra sem um ræðir og þýðing löggilts skjalapýðanda á einu slíkra vottorða sem varðar einn umræddra starfsmanna að nafni Freitas Pereira. Kemur þar fram í vottorðinu að umræddur starfsmaður teljist skipaður til starfa eða muni stunda ólaunaða starfsemi á tímabili sem muni líklega ná frá 13.7.2002 til 14.12.2002. Haldi starfsmaðurinn áfram að vera háður lagaákvæðum landsins Portúgal í samræmi við grein 14°1A reglugerðar ráðsins nr. 1408/71/EBE.

Í skjölum málsins liggja frammi um 21 svokölluð E-101 vottorð af hálfu sóknaraðila. Sum vottorðin eru vegna sama starfsmannins en ólíkra vinnutímabila viðkomandi, en aðeins eitt vottorð hefur verið lagt fram vegna annarra starfsmanna. Varða vottorðin ólík tímabil innbyrðis. Að mati dómara verður að líta til þess að hvergi í málatilbúnaði sóknaraðila er það reifað hve margir starfsmenn á vegum starfsmannaleigunnar Momnor voru við starfa og verktöku af hálfu sóknaraðila á hverju tímabili fyrir sig og þá ber til þess að líta að fjárnámsgerðin sem deilt er um varðar álagningarárin 2000 og 2001 en flest vottorðanna varða starfsmenn sem voru hér árið 2002, eða sautján þeirra. Þrátt fyrir að sóknaraðila hafi eigi verið fært að afla ráðningarsamninga umræddra starfsmanna þykir á skorta í málatilbúnaði hans að gerð sé grein fyrir því hvaða starfsmenn unnu á vegum hans á því tímabili sem fjárnámsgerðin varðar og að fyrir liggja vottorð vegna allra þeirra starfsmanna sem tryggingagjaldið hefur verið reiknað vegna. Verður því að fallast á með varnaraðila að málatilbúnaður sóknaraðila vegna vara- og þrautavarakröfu sé svo vanreifaður að ekki sé unnt að taka afstöðu til þeirra og ber því að vísa þeim frá dómi ex officio.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist vegna embættisanna dómara. Lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan.

Sveinn Sigurkarlsson, héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Varakröfu og þrautavarakröfu sóknaraðila er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sveinn Sigurkarlsson